

N Á T T Ú R U F R Æ D I S T O F N U N   Í S L A N D S

Forsætisráðuneytið  
Sigurður Örn Guðleifsson/ Regína Sigurðardóttir  
Stjórnarráðshúsinu við Lækjartorg  
101 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2019  
2018120011/42-0  
tb

**Verndargildi jarðarinnar Hjörleifshöfða í Mýrdal**

Vísað er til bréfs frá forsætisráðuneytinu, dags. 14. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um náttúruverndargildi jarðarinnar Hjörleifshöfða en ríkinu hefur verið boðið að kaupa jörðina.

Árið 2012 óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið eftir því að Náttúrufræðistofnun mæti verndargildi jarðarinnar Hjörleifshöfða. Í janúar 2013, 10. janúar, skilaði Náttúrufræðistofnun mati stofnunarinnar, sjá meðfylgjandi bréf.

Frá því að framangreint mat fór fram hafa bæst við nýjar upplýsingar og má þar t.d. nefna vistgerðarkort og úttekt á mikilvægum fuglasvæðum. Þessar upplýsingar breyta ekki fyrra mati stofnunarinnar. Eins og kemur fram í meðfylgjandi bréfi hefur Náttúrufræðistofnun ekki lagt mat á verndargildi jarðarinnar í heild svo sem m.t.t. ólíkra þáttu náttúrufars þ.m.t. landslags, menningarminja og sögu. Í apríl 2018 lagði Náttúrufræðistofnun til að ákveðin svæði á Íslandi færðu á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár, B-hluta, sjá hér <https://ni.is/midlun/natturuminjaskra>. Þar var fyrst og fremst um að ræða tillögur að vernd vistgerða, mikilvægra fuglasvæða og nokkurra jarðminja. Hjörleifshöfði var ekki meðal tillagna stofnunarinnar hvað þessa þætti varðar.

Virðingarfyllst



Trausti Baldursson  
forstöðumaður vistfræði- og ráðgjafardeildar

Meðf: Bréf til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins dags. 10. janúar 2013.



Umhverfis- og auðlindaráðuneytið  
Guðríður Þorvarðardóttir  
Skuggasund 1  
150 REYKJAVÍK

Garðabær, 10. janúar 2013  
2012100011/42-0  
TB,KJ,SH

### Verndargildi jarðarinnar Hjörleifshöfði

Vísað er til bréfs frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, dags. 11. október 2012, þar sem þess óskað er eftir því að Náttúrufræðistofnun Íslands meti verndargildi jarðarinnar Hjörleifshöfða innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins. Beðist er velvirðingar á því hve dregist hefur að svara erindinu.

Náttúrufræðistofnun hefur ekki haft tíma til að leita í heimildum eftir öllum tiltækum upplýsingum um jörðina Hjörleifshöfða. Sérfræðingar stofnunarinnar voru beðnir um þær upplýsingar sem þeim er kunnugt um og varða erindið og leitað var í gagnagrunnum stofnunarinnar eftir skráðum tegundum plantna og fugla. Fyrirliggjandi gögn eru ekki þess eðlis að hægt sé að nota þau til að meta heildar verndargildi jarðarinnar með góðum hætti. Auk þess þyrfti að vera hægt að bera saman umrætt svæði við önnur landsvæði.

Náttúrufræðistofnun vill taka fram að af hálfu stofnunarinnar er ekki tekin afstaða til menningarlegrar sögu svæðisins/jarðarinnar en ljóst er að hún fléttast að verulegu leyti inn í jarðsögu svæðisins og er órjúfanlegur hluti hennar.

#### *Gróður*

Til eru gróðurkort af Hjörleifshöfða og Hafursey frá 1976 í mælikvarða 1:20.000 en kortin hafa ekki verið uppfærð síðan þá. Ein fléttá á válista er skráð í Hjörleifshöfða, hrukuslembra (*Collema furfuraceum*) með hæsta verndargildi en hún er m.a. á náttúruverndaráætlun Alþingis 2009-2013 og ber að friðlýsa samkvæmt þingsályktun þar að lútandi. Friðlýsing plöntutegunda hefur ekki verið framkvæmd af einhverjum ástæðum. Fléttan vex utan í hömruminum í höfðanum, a.m.k. að vestanverðu. Tegundin hefur einnig fundist í Fagradalshömrum og undir hömrum við Höfðabrekku, hvort tveggja staðir í nágrenninu. Tegundin hefur einnig fundist í Þyrlí í Hvalfirði. Af háplöntum eru þarna einkum tegundir sem einkennandi eru fyrir aðrar brekkur syðst á landinu, bæði undir Eyjafjöllum og í Mýrdal (grástör, stúfa, selgresi, fuglaertur), sem ekki eru verulega sjaldgæfar tegundir. Þessar tegundir eiga þó í völk að verjast, þar sem lúpínan er farin að flæða í stórum stíl niður brekkurnar Hjörleifshöfða. Hrukuslembra er hins vegar örugg fyrir lúpínunni þar sem hún vex í þverhnýptum hömrum.



### *Smádýralíf*

Fyrirriggjandi upplýsingar um smádýralíf eru það rýrar að þær teljast ekki nothæfar til að meta verndargildi.

### *Fuglalíf*

Fuglalíf hefur frekar lítið verið kannað í Hjörleifshöfða þar er fýlsvarp, skúmur verpur á söndunum og vitað er að brandugla hefur verpt á svæðinu. Arnarsetur er í Hjörleifshöfða og var það í ábúð fram yfir miðja 19 öld.

Miðað við fyrirriggjandi gögn telst fuglalíf í Hjörleifshöfða varla sérstakt á nokkurn hátt en þar er þó mögulegt búsvæði arna ef stofninn stækkar og dreifist um landið.

### *Jarðminjar*

Líklega er jarðfræði svæðisins það sem vekur mesta athygli bæði í jarðsögulegu og menningarlegu samhengi.

Í grófum dráttum má segja að jarðminjar á svæðinu séu tvenns konar:

1. Móberg í Hjörleifshöfða og Hafursey. Móberg hefur hátt verndargildi á heimsvísu, þó það sé algengt hér á landi. Ekki er vitað til þess að móbergsmyndanir í Hjörleifshöfða og Hafursey séu að einhverju leiti merkilegri ef miðað er við annað móberg eða „móbergseyjar“ á svæðinu, eða á Íslandi.
2. Mýrdalssandur. Óvenjulegur sandur hvað það varðar að hann byggist að langmestu leyti upp í eðjuhlaupum samfara Kötlugosum. Ólikur öðrum söndum á Íslandi og líklega á heimsvísu. Þar spretta einnig fram myndarlegar lindár sem renna síðan út í sandinn.

Litlar upplýsingar liggja fyrir um einstakar jarðminjar eða stök.

### *Landslag*

Náttúrufræðistofnun hefur ekki kannað landslag svæðisins sérstaklega en móturn þess er gott dæmi um landmótun vegna tiltekinna jarðfræðilegra ferla.

### *Niðurstaða*

Náttúrufræðistofnun treystir sér ekki miðað við fyrirriggjandi gögn að meta verndargildi jarðarinnar í heild eða leggja til að jörðin verði friðlýst. Þó er ljóst að friðlýsa ber þær válistategundir sem finnast á svæðinu eða geta fundist þar og þar með að friðlýsa búsvæði hrukkuslemburu bæði í Hjörleifshöfða og almennt. Þetta er hægt að gera bæði með almennri friðlýsingu válistategunda, sbr. þingsályktun Alþingis, Náttúruverndaráetlun 2009-2013, og með því að friðlýsa búsvæði válistategunda og með friðlýsingu Hjörleifshöfða hvað hrukkuslemburu varðar.

Hvorki Hjörleifshöfði eða Hafursey eru á náttúruminjaskrá. Það geta vissulega verið margar ástæður fyrir því að vilja vernda jörðina eða hluta hennar bæði vegna náttúrufars og/eða vegna menningarlegs gildis. Eins og áður hefur komið fram tekur Náttúrufræðistofnun ekki afstöðu til verndar jarðarinnar Hjörleifshöfða út frá sögu hennar þó hún fléttist inn í jarðsögu svæðisins. Tvímælalaust er ástæða til að vernda tegundina hrukkuslemburu og búsvæði hennar vegna fágætis en það eitt gefur ekki tilefni til að vernda jörðina alla. Land á þessu svæði er síbreytilegt og verður í framtíðinni væntanlega fyrir miklum breytingum vegna Kötlugosa. Það þarf því að shuga vel, ef til þess kemur, hvert markmið með friðlýsingu jarðarinnar og jarðsögulegra minja ætti að vera. Líklega er eðlilegast að vernd jarðarinnar felist fyrst og fremst í því að vernda þann möguleika að áfram verði hægt að sjá jarðsöguna verða til.



Svæðið getur því verið heppilegt sem einhvers konar „jarðfræðigarður“ til kynningar á ákveðnum jarðfræðilegum eða jarðsögulegum atburðum eða ferlum. Vegna náttúrufars á svæðinu er líklegt að það verndi sig sjálft ef svo má að orði komast. Mannanna verk hafa breytt náttúrulegu yfirbragði Mýrdalssands að einhverju leiti svo sem vegagerð, varnargarðar og lúpínurækt. Ef tekin er sú afstaða að vilja vernda jörðina til að sjá og sýna jarðsöguna og mynda einhvers konar „jarðfræðigarð“ þarf að huga að því að passa að vegagerð, varnargarðar og lúpína trufli ekki um of þann möguleika. Svartur víðáttumikill Mýrdalssandur, svört eyðimörk, er hluti af jarðsögunni. Fyrir íbúa og aðrar er Kötluhlauð náttúruvá og munu því nauðsynlegar varnir fyrir byggð og samgöngur alltaf hafa áhrif á svæðinu.

Virðingarfyllst



Jón Gunnar Ottósson  
forstjóri



Trausti Baldursson

